

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 20. mars 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-88/2014:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 28. október sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á farsíma, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst nýrrar afhendingar auk bóta.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 30. október sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 13. nóvember. Hvorki andsvör né frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 19. mars, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að hinn 5. júní 2014 keypti álitsbeiðandi farsíma af gerðinni Samsung S4 af seljanda fyrir kr. 74.995. Hinn 12. október sl. varð skjár símans óvirkur. Sama dag fór álitsbeiðandi með símann til seljanda sem sendi símann áfram til verkstæðis á sínum vegum. Um viku síðar hringdi verkstæðið í álitsbeiðanda og tjáði honum að innri skjár símans væri brotinn og að það falli ekki undir ábyrgð, þar sem síminn hljóti að hafa orðið fyrir höggi. Segir álitsbeiðandi að síminn líti út sem nýr og beri það ekki með sér að hafa orðið fyrir höggi, enda kannist álitsbeiðandi ekki við að hafa misst símann né gert neitt annað við hann sem hann ætti ekki að þola. Telur álitsbeiðandi að um framleiðslugalla sé að ræða þar sem ekkert sjáist á ytra byrði símans sem bendi til þess að hann hafi orðið fyrir hnjaski. Vísar álitsbeiðandi einnig til umfjöllunar á netinu þar sem fram kemur að fjöldi annarra eigenda samskonar síma hafi lent í sömu vandræðum með sína síma. Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi nýrrar afhendingar auk bóta.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af reikningi fyrir kaupum á umræddum síma ásamt afriti af tölvupóstsamskiptum álitsbeiðanda við seljanda.

IV

Úr gögnum máls

Í gögnum málsins er m.a. að finna bréf frá seljanda þar sem m.a. segir: „Samkvæmt mati framleiðanda á þessu máli [...] er útilokað að þarna sé um ábyrgðarmál að ræða. Einnig er það útilokað að skjár brotni upp úr þurru samkvæmt mati [verkstæðis]. Niðurstaða [seljanda] er sú sama og verkstæðis enda starfsmenn [seljanda] ekki með tækniþekkingu á þessu sviði. Niðurstaða [seljanda] mun því ekki breytast nema verkstæði breyti niðurstöðu sinni í þessu máli. Ég skal hinsvegar koma til móts við þig og fella niður skoðunargjald sem verkstæði innheimtir vegna þessa máls. Úr því þú ert að vísa í neytendakaupalög að þá tel ég óhjákvæmilegt annað en að benda á 18. gr. nkl. [...]“

V

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki sent kærufndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi farsíma af gerðinni Samsung S4 af seljanda hinn 5. júní 2005 fyrir kr. 74.995. Hinn 12. október sl. bilaði skjár símans, án sýnilegrar ástæðu, að sögn álitsbeiðanda. Við skoðun verkstæðis á vegum seljanda kom í ljós að innri skjár símans var brotinn. Taldi verkstæðið að ástand símans yrði rakið til þess að högg hefði komið á hann og því falli það ekki undir ábyrgð þar sem ástand símans verði rakið til meðferðar álitsbeiðanda á honum. Því hafnar hins vegar álitsbeiðandi. Engin gögn frá verkstæðinu liggja fyrir í málinu. Í gögnum málsins er að finna bréf frá seljanda, þar sem hann vísar m.a. til 2. másl. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.“ Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.“ Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Í máli þessu liggur fyrir að skjár í farsíma álitsbeiðanda brotnaði í október sl. þ.e. rúmum 4 mánuðum eftir kaupin. Af því leiðir að hlutlægt séð var síminn haldinn galla í skilningi 16. gr., sbr. 15. gr. sömu laga. Hins vegar, eins og að framan greinir, getur síminn ekki talist gallaður nema að gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“. Verði ástæða þess að skjár símans brotnaði rakin til meðferðar álitsbeiðanda á símanum, ber því að hafna kröfum hans. Verði það hins vegar talið að galli í framleiðslu hafi leitt til að skjár símans brotnaði, þrátt fyrir að það hafi ekki gerst fyrr en rúmum 4 mánuðum eftir kaupin, er hins vegar um galla að ræða sem seljandi ber ábyrgð á. Öllu jafna þurfa þeir sem halda fram galla á söluhlut að sýna fram á þann galla sjálfir. Í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er hins vegar að finna undantekningu frá þeirri reglu. Málsgreinin er svohljóðandi:

„Ef annað sannast ekki skal galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda. Þetta gildir þó ekki þegar telja verður að það geti ekki á nokkurn hátt samrýmst eðli gallans eða vörunnar.“

Fyrri málsliður greinarinnar þýðir í raun að þegar galli kemur upp innan sex mánaða frá því kaup fóru fram, telst sá galli hafa verið til staðar við kaupin, nema seljandi sýni fram á annað. M.ö.o. hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að varan sé ekki haldin galla á seljanda. Síðari málsliðurinn, sem er undantekning á þeim fyrri, getur t.d. átt við þegar aðstæður bendi til þess að söluhlutur hafi orðið fyrir höggi eða öðru hnjaski sem honum hefur frá upphafi ekki verið ætlað að þola. Verður að leggja það á þann sem heldur því fram að síðari málsliðurinn eigi við, eins og seljandi gerir í þessu tilviki, að hann færi rök fyrir þeirri málsástæðu sinni.

Seljandi hefur í máli þessu ekki veitt andsvör. Í gögnum málsins má hins vegar finna tölvubréf frá seljanda, þar sem seljandi ber því við að verkstæðið sem gerði við símann telji hann ekki vera haldinn framleiðslugalla. Engin gögn í tengslum við það mat liggja fyrir í málinu. Liggur þannig í raun ekkert fyrir í gögnum málsins um það hvað geti talist líkleg skýring á því að skjár símans brotnaði. Vilji seljandi halda því fram að áður nefnd

undantekning frá fyrri málslið 2 mgr. 18. gr. eigi við, þarf hann að leggja fram einhver gögn eða í það minnsta einhverjar röksemdir máli sínu til stuðnings. Það hefur hann ekki gert. Er það mat kærunefndarinnar að seljanda hafi þannig hvorki tekist að sýna fram á að síminn hafi ekki verið haldinn galla við áhættuskipti skv. 1. másl. 2. mgr. 18. gr., né hafi honum tekist að færa rök fyrir því að gallinn sé þess eðlis að undantekning 2. másl. 2. mgr. 18. gr. eigi við. Verður þar af leiðandi að fallast á að sími sá er álitsbeiðandi keypti af seljanda hinn 5. júní sl. sé haldinn galla.

Í 26. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla. Segir þar m.a. eftirfarandi í 1. mgr.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.“

Álitsbeiðandi í máli þessu hefur krafist þess að seljandi afhendi sér nýjan samskonar síma, sér að kostnaðarlausu, þ.e. krafist nýrrar afhendingar skv. ákvæðum 29. og 30. gr. laganna. Ber að fallast á þá kröfu. Rétt er að taka fram að í 1. mgr. 30. gr. laganna segir að úrbætur eða ný afhending skv. 29. og 30. gr. skuli fara fram án kostnaðar og verulegs óhagræðis fyrir neytanda og innan hæfilegs tíma.

Hvað varðar bótakröfu álitsbeiðanda þá fylgir henni hvorki rökstuðningur né gögn um það hvort álitsbeiðandi hafi orðið fyrir tjóni. Verður því ekki tekin afstaða til þeirrar kröfu.

VI

Álitsorð

Seljandi, Y, afhendi álitsbeiðanda, X, nýjan samskonar farsíma og hann keypti af seljanda hinn 5. júní 2014.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir